

LEIKHÚS: Salurinn dansaði, söng, skoppaði og hoppaði með Latabæ!

15. september, 2014 · 2 minute read · Guðrún J. Halldórsdóttir





Langþráðum draumi fimm ára sonar míns rættist loksins í gær er hann sá sjálfan íþróttálfinn á sviði!

Við skelltum okkur í Þjóðleikhúsið og sáum Ævintýri í Latabæ og urðum svo sannarlega ekki fyrir vonbrigðum. Þvílík gleði, söngur og dans sem fyllti stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu. Allur salurinn varð fyrir geysilegum áhrifum og það leið ekki á löngu þar til salurinn dansaði, hoppaði, skoppaði og söng með.



Eins og flestir sem kannast við sögurnar úr Latabæ vita reynir Glanni glæpur allt sem hann getur til að stöðva Ípróttaálfinn og vini hans. Hann vill að bærinn sé sá latasti sem til er. Núna er hann búinn að margfalda sig og ráða til sín svokallaðar hreyfilöggur til að hjálpa sér við verkið. Víkja bæjarstjóranum frá og banna alla hreyfingu í bænum. Ípróttaálfurinn, Solla og vinir þeirra þurfa því að vinna vel saman til að stöðva Glanna glæp og bjarga Latabæ. Úr verður mikið og skemmtilegt ævintýri.



Söngatriðin voru mjög skemmtileg og lífleg en það voru dansatriðin sem stóðu upp

úr að mínu mati. Þau voru alveg þræflott í sýningunni og það sem kom mér skemmtilega á óvart var að sjá hann Brynjar Dag (Ísland got Talent stjörnu) í flottu dansatriði og að sjá hann leika hund hreyfilöggunnar. Greinilegt er að hér er á ferðinni strákur með talenta í lagi!



Leikararnir fóru allir sem einn á á kostum og gerðu leiksýninguna alveg bráðskemmtilega, lifandi, fyndna og áhugaverða fyrir bæði börn og fullorðna. Mér fannst alveg einstaklega gaman að upplifa hvað leikararnir náðu vel til áhorfenda sinna og hversu mikið börnin lifðu sig inn í verkið.

